

Sþ.

519. Tillaga til þingsályktunar

[255. mál]

um auknar framkvæmdir í uppbyggingu símakerfisins.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skoða áætlanir um uppbyggingu og endurbætur símakerfisins. Endurskoðunin skal miða að eftirtöldum markmiðum:

1. Gerð verði 5 ára áætlun um uppbyggingu sjálfvirkra síma í sveitum landsins.
2. Á árinu 1980 verði gert átak í stækkun sjálfvirkra símstöðva þannig að hægt sé að afgreiða nýja síma til notenda, án þess að afgreiðslufrestur sé óhæfilega langur.
3. Hraðað verði uppbyggingu örbylgjusambanda milli landshluta.
4. Stefnt skal að því að jafna símgjöld milli svæða og gjaldflokkar endurskoðaðir með það í huga.

Endurskoðun þessi ásamt kostnaðaráætlunum og áætlun um fjármögnun framkvæmda liggja fyrir fyrir næstu fjárlagagerð.

Greinargerð.

Það er kunnara en svo að mörg orði þurfi að hafa um, hvert tæki síminn er til hagræðis í daglegu lífi landsmanna, auk þess öryggis sem hann veitir.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í þessum málum á umliðnum áratugum, en aukin notkun og tækniframfarir í þessari grein kalla á enn meiri framkvæmdir á þessu sviði.

Tillögugerðin beinist einkum að tveimur þáttum, þeim að gera notkun símakerfisins þægilegri og hraðvirkari og þeim að allir sitji við sama borð og njóti símans á sama hátt. Skal nú vikið að þeim markmiðum sem sett eru fram í tillögunni.

Öllum má vera ljóst að sveitir landsins njóta ekki lágmarksþjónustu hvað varðar símann og skortir mjög á að hann sé það öryggistæki sem vera skyldi í sveitunum eða notkun hans á nokkurn hátt sambærileg við það sem gerist hjá notendum sem njóta sjálfvirkra stöðva. Enn eru reknar símstöðvar í dreifbýli sem þjóna ekki notendum sínum nema fjóra tíma á dag, og má öllum ljóst vera hversu miklir annmarkar eru þar á. Tillagan miðar að því að skrefið sé stigið til fulls í sveitunum og sveitafólk sitji við sama borð og fólk í þéttbýli hvað varðar notkun símans.

Mjög mikið vantar á að hægt sé að fullnægja eftirspurn eftir nýjum sínum, vegna þess hvað margar sjálfvirkar stöðvar eru fullnýttar. Sem dæmi má nefna að á svæði 97, eða á Austurlandi, eru nú 10 stöðvar þar sem brún þörf er á stækkun skv. skýrslu Póst- og símamálastofnunarinnar, sem gefin var út í desember 1978. Í mörgum tilfellum er löng bið eftir því að úr rætist. Þetta ástand er óeðlilegt og rýrir auk þess tekjumöguleika Póst- og símamálastofnunarinnar.

Þó að nokkrar úrbætur hafi verið gerðar hvað varðar gjaldtöku fyrir langlínu-samtöl í febrúar s. l., þegar fimmti gjaldflokkur var felldur niður, er þó enn langt í land að viðunandi jöfnuður náist. Flutningsmaður telur óviðunandi ástand, svo dæmi sé tekið, að fólki á landsbyggðinni sé gert að greiða margfalt verð á við fólk hér á höfuðborgarsvæðinu fyrir það að hafa símasamband við stofnanir sem eiga að þjóna landinu öllu. Þessi aðstöðumunur bætist við þann sem fyrir hendi er vegna fjarlægðar. Þessum jöfnuði má ná m. a. með því að tímamæla símtöl innan svæða og nota þær tekjur, sem þannig fást, til jöfnunar.

Sá kostnaður, sem langlínusamtölum fylgir, er notendum, sem þurfa að hafa samband við höfuðborgarsvæðið, mjög þungur í skauti. Í greinargerð starfshóps landshlutasamtaka um símamál, sem út kom í október 1978, kemur fram að umframingjald á fyrirtækjasíma í notkun er frá 53 390 kr. í Breiðholti, þar sem það er lægst, upp í 355 013 kr. á Austurlandi, þar sem kostnaður er mestur. Samsvarandi kostnaður á einkasíma er 20 323 kr. móti 100 138 kr. á Vestfjörðum.

Hins vegar er ein forsenda fyrir þessum umbótum sú, að örbylgjusamböndum verði komið upp um land allt, þannig að línur fjölgi og símakerfið þoli aukið álag.